



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ársskýrsla 2012



Háskólinn á Bifröst
Ársskýrsla 2012
Útgefin 15. maí 2013

Efnisyfirlit

Árið 2012 - ár skipulagsbreytinga og stefnumótunar	2
Nýr þjónustusamningur	2
Ný skipulagsskrá í stað eldri samþykktá	2
Stefnumótun	3
PRiME	5
Áhrif á námsinnihald og kennsluhætti	5
Forysta og stjórnun – Betri Bifröst	6
Samfélagsleg gildi í háskólaborpinu	6
Fulltrúaráð, stjórn, ráð og nefndir	7
Fulltrúaráð	7
Háskólastjórn	8
Háskólaráð	8
Gæðaráð	9
Fagráð	10
Kennslu- og rannsóknaráð	10
Nemendur	11
Heildarfjöldi nemenda 2012, aldur og kyn	11
Fjöldi nemenda eftir fagsviðum, útskrifaðir og nýnemar á hverju sviði	13
Nemendur eftir námsstigum 2012	15
Fjöldi nemenda eftir landshlutum 2012	15
Kennsla og rannsóknir	17
Námsgráður og fagsvið	17
Símenntun	18
Rannsóknamiðstöð	18
Rannsóknasetur	19
Alþjóðasvið	23
Umbótamiðað gæðastarf	23
Náms- og starfsráðgjöf	25
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa	25
Námskeið	25
Framboð og effirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf	25
Tölvuþjónusta	26
Hollvinasamtök Bifrastar	26
Bókasafn	28
Starfsmenn	28
Starfsemin	28
Ritakostur	28
Útlán	28
Samstarf og nefndarstörf	28
Markaðs- og kynningarmál	29
Nemendafélag	29
Fjármál og rekstur	31
Rannsóknvirgkni og útgáfa	32

Á árinu 2012 var áfram haldið þeirri endurskipulagningu á rekstri og starfsemi skólans sem hófst í ársbyrjun 2011. Árið einkenndist af áframhaldandi endurskoðun á regluverki skólans ásamt því að horft var til framtíðar með mótun stefnu til næstu ára. Nýtt kennslukerfi tók formlega gildi á árinu, ný skipulagsskrá tók gildi í stað eldri samþykpta og nýr þjónustusamningur var gerður við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þá var undirbúningur hafinn að innra mati stofnunar og tveggja fagsviða. Á árinu átti sér stað endurskoðun á frumgreinanáminu sem lauk með stofnun nýrrar námsleiðar, Háskólagáttar, sem mun frá og með árinu 2013 leysa eldri frumgreinadeild af hólmi. Líf og störf á Bifröst voru að öðru leyti í föstum skorðum á þessu starfsári.

Nýr þjónustusamningur

Nýr þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem mun marka rammann utan um starfsemi skólans fram til ársloka 2016, var undirritaður þann 27. janúar 2012. Samningurinn miðast við að á bilinu 450 – 750 nemendur séu við skólann á tímabilinu og að veitt sé þjónusta vegna kennslu á þeim fræðasviðum sem skólinn starfar á ásamt frumgreinanámi. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að við skólann fari fram rannsóknir á sviði félagsvísinda, með áherslu á nýsköpun og tengsl við atvinnulíf. Nýja samningnum fylgir ítarlegur viðauki sem leggur grunn að samskiptum samningsaðila á tímabilinu en sambærilegir samningar eru gerðir við alla sjálfstæðu háskólana í landinu.

Ný skipulagsskrá í stað eldri samþykpta

Á árinu 2012 var áfram haldið þeirri endurskipulagningu á regluverki skólans sem hófst í ársbyrjun 2011. Eitt af þeim markmiðum sem stjórn setti sér í upphafi árs 2011 var að efla sjálfstæði skólans, styrkja bakland hans í sessi og formgera það betur en áður. Með þetta að leiðarljósi

var hafist handa við endurskoðun á samþykktum skólans til viðbótar við þá endurskoðun á reglugerð sem stóð yfir á árinu 2011 og lauk með setningu nýrrar reglugerðar þann 6. september það ár. Með nýrri reglugerð tók nýtt skipurit gildi sem fól í sér skýrari skil á milli kjarnastarfsemi og þjónustu ásamt því að kæruleiðir innan skólans voru gerðar skilvirkari og stjórnsýsla efl. Þá var skilið á milli reglugerðar skólans og reglna um nám og kennslu, sem nú eru í sér skjali í gæðahandbók (F 110). Í upphafi árs 2012 má segja að endurskoðun á regluverki skólans hafi að mestu verið lokið en eftir stóð þó að yfirfara samþykktir hans. Ráðist var í þetta á árinu og lauk þeirri vinnu með nýrri skipulagsskrá sem stjórn samþykkti á fundi sínum þann 10. maí. Með skipulagsskránni var komið á fót nýrri einingu í stjórnskipulagi skólans, fulltrúaráði, en í því sitja 15 einstaklingar, tilnefndir til þriggja ára í senn. Þeir sem tilnefna aðal- og varamenn í fulltrúaráðið eru hinir sömu og tilnefna stjórn háskólans, en samkvæmt nýrri skipulagsskrá eru það: Borgarbyggð, háskólaráð, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver tilnefningaraðili skipar einn mann í stjórn og þrjá menn í fulltrúaráð. Fulltrúaráðið er æðsta vald í málefnum skólans og heldur það fund a.m.k. einu sinni á ári, sem jafnframt er



aðalfundur háskólans. Aukafundi heldur fulltrúaráðið, þegar stjórn telur þess þurfa eða meirihluti fulltrúaráðsmanna æskir þess. Meirihluti fulltrúaráðsmanna þarf að samþykkja breytingar á skipulagsskránni, eða minnst 10 af þeim 15 sem sitja í fulltrúaráði þurfa að mæta á löglega boðaðan fund stofnunarinnar og samþykkja breytingarnar. Með tillögur um að fella niður skipulagsskrá stofnunarinnar og leggja háskólann niður skal farið með sama hætti og breytingar. Með nýrri skipulagsskrá var heiti skólans breytt í Háskólinn Bifröst en vegna fjölda athugasemda sem bárust við þá breytingu ákvað stjórn skólans að leggja til við aðalfund 2013 að fallið verði frá þeirri breytingu.

Stefnumótun

Í nóvember 2011 ákvað stjórn skólans að hefja formlega stefnumótunarvinnu en á því ári hafði skólinn skráð sig til leiks við PRiME, átaksverkefni Sameinuðu þjóðanna um betri menntun stjórnenda og áherslur hafa þegar tekið breytingum samhliða því. Markmið PRiME er að mennta

ábyrgari stjórnendur, meðal annars með hliðsjón af hugmyndafræði sjálfbærni. Samhliða þátttöku skólans í átakinu hefur innihald námskeiða, námsefni og kennsluhættir tekið breytingum. Í því skyni að skýra og formgera stefnu skólans var ráðist í endurskoðun stefnunnar og var Bjarni Snæbjörn Jónsson fenginn til ráðgjafar við það verkefni. Hófst stefnumótunin á því að boðað var til opins Framtíðarþings laugardaginn 3. mars 2012 þar sem öllum velunnurum skólans var boðið að koma og ræða hlutverk og framtíðarsýn fyrir skólann. Um eitt hundrað manns sátu þingið, nemendur, starfsfólk, hollvinir, sveitarstjórnarmenn og nágrannar. Þingið var með þjóðfundarfyrirkomulagi og þar komu fram fjölmargar hugmyndir um það hvert hlutverk skólans ætti að vera í framtíðinni. Allar hugmyndir voru skráðar og stefnumótun skólans tók mið af þeim í kjölfarið. Rektor skipaði síðan stýrihóp til að fylgja stefnumótuninni úr hlaði og að lokinni vinnu hans og kynningu innan skólans lauk stefnumótuninni með samþykkt stjórnar á nýrri stefnuyfirlýsingu þann 10. desember 2012.



Bryndís Hlöðversdóttir, rektor



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

STEFNUYFIRLÝSING

Hlutverk

Bifröst er háskóli sem menntar samfélagslega ábyrga leiðtoga.

Framtíðarsýn

Skólinn verði leiðandi í námsframboði og kennsluháttum sem mótast af áherslum hans á samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Bifröst þróist sem:

- Þekkingarsetur með áherslu á samspil einstaklinga, atvinnulífs og samfélags
- Deigla einstaklingsþroska og samfélagsþátttöku þar sem hlúð er að gagnrýnni, skapandi hugsun og ríkri umhverfisvitund
- Sérhæfður háskóli með sterkar rætur, skýra sýn og öflugt tengslanet
- Tákni um framsýni, kjark og róttækni í kennslu og námi

Grunngildi

Skólinn kappkostar að þjálfa nemendur til sérhæfðra starfa og fræðilegrar grein-
ingar með tilfinningu fyrir flóknu samspili atvinnu, þróunar, rannsókna og sam-
félags. Þau hugmyndafræðilegu og siðferðilegu grunngildi sem endurspegla allt
starf innan skólans styðja við þetta meginmarkmið.

Samvinna sem miðar að því að:

- Þjálfa nemendur í hóp- og teymisvinnu
- Fóstta ný og ólík sjónarmið með þverfaglegu starfi
- Hvetja til samskipta og þátttöku í félagslega sterku háskólaþorpi
- Vinna með og þjóna nærsamfélagi sínu

Frumkvæði sem felst í:

- Nýsköpun í öllu starfi skólans
- Sjálfstæðum vinnubrögðum og kjarki til að fara eigin leiðir
- Virkri þátttöku nemenda í kennslu og rannsóknum á vettvangi skólans

Ábyrgð sem birtist í:

- Markvissri áherslu á samfélagsábyrgð í námsinnihaldi
- Ríkum metnaði og vönduðum vinnubrögðum í kennslu og rannsóknum
- Ráðdeild í rekstri og ábyrgri starfsmannastefnu
- Virðingu fyrir umhverfi og samfélagi með hugmyndafræði sjálfbærni að leiðarljósi

PRiME

Á árinu 2011 undirritaði Háskólinn á Bifröst viljayfirlýsingu PRiME um menntun ábyrgra leiðtoga (Principles for responsible management education), fyrstur íslenskra menntastofnana. Átakið, sem runnið er undan rifjum Sameinuðu þjóðanna í tengslum við alþjóðasáttmálann um sjálfbæra þróun (UN Global Compact), hefur það markmið að stuðla að leiðtogabjálfun sem hefur hagsmuni heildarinnar og framtíðarkynslóða að leiðarljósi. Átakið styður þannig menntastofnanir til að aðlaga kennsluskrár sínar, rannsóknir, kennsluáðferðir og daglega starfsemi að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samfélagsábyrgð á kerfisbundinn hátt. Með þátttöku í verkefninu samþykkir skólinn að undirgangast sex markmið til menntunar ábyrgra leiðtoga og hafa þau til hliðsjónar í starfseminni. Í markmiðunum felst meðal annars að leitast við að efla færni nemenda, sem komandi kynslóða leiðtoga, til að vinna að sjálfbæru hagkerfi í heiminum, endurspegla hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samfélagsábyrgðar í námskrá, námsefni og kennslufræði skólans og styðja við rannsóknir sem auka skilning á hlutverki og mögulegum áhrifum

fyrirtækja á þróun félagslegra, umhverfislegra og efnahagslegra gilda. Þá felst í markmiðunum að leita eftir virku samstarfi við stjórnendur fyrirtækja til að auka skilning meðal nemenda á þeim samfélagslegu og umhverfislegu áskorunum sem fyrirtækin standa frammi fyrir og þróa leiðir til að takast á við þær. Jafnframt undirgengst skólinn að standa fyrir gagnrýnni umræðu innan og utan skólans um sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

Áhrif á námsinnihald og kennsluhætti

PRiME hefur þegar sett mark sitt á skólastarf á Bifröst. Námsefni og kennsluáðferðir hafa verið þróaðar í anda þeirrar hugmyndafræði og fjöldi verkefna hefur sprottið úr samstarfi nemenda og fyrirtækja í nágrenninu, allt í anda PRiME. Háskólinn hefur á árinu átt í samstarfi við Laurea University í Finnlandi um þróun kennsluhátta á grundvelli hugmyndafræði sem kallast Learning by developing og byggir meðal annars á virkri þátttöku nemenda sjálfra í kennslunni. Leiddi þetta meðal annars til þess að á sumarönn 2012 var þremur lotunámskeiðum á viðskiptasviði fléttað saman í eina níu vikna lotu þar sem kennarar í markaðsfræði, upplýsingatækni og verkefnastjórnun



skipulögðu námskeiðið saman í anda Laurea hugmyndafræðinnar. Tilraunaverkefnið var krefjandi fyrir bæði nemendur og kennara og er unnið að frekari þróun slíkra kennsluhátta innan skólans. Hér á eftir verður getið nokkurra verkefna sem hafa sett mark sitt á háskólastarfið og þorpið vegna þátttökunnar í PRiME en annars er vísað til skýrslu PRiME vegna 2011 – 2012 sem birt er á heimasíðu skólans.

Forysta og stjórnun – Betri Bifröst

Námskeiðið Forysta og stjórnun sem kennt er í öllum deildum á fyrsta ári hefur tekið gagngerum breytingum í anda PRiME og hefur Dr. Njörður Sigurjónsson haft veg og vanda af þeirri endurskoðun. Í námskeiðinu, sem er skyldunámskeið fyrir alla nemendur í staðnámi á Bifröst, var gerð tilraun til þess að flétta áherslur um ábyrga stjórnun inn í námsefnið og unnið að samfélagsbætandi verkefnum í anda PRiME.

Nemendur unnu meðal annars og framkvæmdu verkefni sem kallast „Betri Bifröst“. Verkefni voru ólík en áttu það sameiginlegt að vera samfélagsbætandi auk þess sem þau áttu að hafa

áhrif á athafnir fólks. Öll miðuðu þau að því að bæta umhverfi Bifrastar. Verkefnið gat til dæmis tengst umhverfismálum, stöðu skólans í samfélaginu, tengslum Bifrastar við nærsamfélagið á Vesturlandi, betri starfsemi skólans í víðum skilningi (stefna, markaðsmál, þjónusta) eða auknum gæðum íbúa, nemenda og gesta. Í stuttu máli gera Bifröst að betri skóla, stað eða fyrirtæki.

Samfélagsleg gildi í háskólaþorpinu

Lífsmynstrið sem nemendur tileinka sér á háskólaárunum getur haft mikil áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja að háskólanámi loknu. Því er í anda PRiME hvatt til almennrar heilsueflingar, hreyfingar, umhverfisvitundar og samfélagslegrar samstöðu í háskólaþorpinu.

Fjallaklúbbur Bifrastar starfaði áfram á árinu 2012 og stóð skólinn fyrir gönguferðum á helstu fjöll í nágrenni skólans frá vordögum og fram á haust. Meðal annarrar hreyfingar sem í boði hefur verið á árinu má nefna Gönguklúbbinn Gauja sem hefur skipulagt vikulegar gönguferðir á svæðinu auk jóga- og hugleiðsluseturs sem starfrækt er í húsnæði háskólans.



Fulltrúaráð, stjórn, ráð og nefndir

Fulltrúaráð

Á árinu 2012 var samþykkt ný skipulagsskrá fyrir skólann sem kom í stað eldri samþykkt. Komið var á fót 15 manna fulltrúaráði og er ráðið tilnefnt af sömu aðilum og skipa stjórn skólans. Tilnefningaraðilar í stjórn og fulltrúaráð eru samkvæmt nýrri skipulagsskrá (hver með einn mann í stjórn og þrjá í fulltrúaráð); Samtök atvinnulífsins, Hollvinasamtök háskólans, háskólaráð, Borgarbyggð og Samband íslenskra samvinnufélaga.

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál en háskólaráð er áfram æðsta vald í innri málefnum háskólans samkvæmt reglugerð. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins eru meðal annars að samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár, kjósa endurskoðanda fyrir skólann, yfirfara rekstraráætlun og skýrslu stjórnar um liðið starfsár. Þá verður skipulagsskrá skólans ekki breytt nema á fulltrúaráðsfundi.

Á aðalfundi skólans þann 30. maí 2012 voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í fulltrúaráð:

Frá Borgarbyggð:

Erla Stefánsdóttir

Jónína Erna Arnardóttir

Ragnar Frank Kristjánsson

Varafulltrúi: Jóhannes Freyr Stefánsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Viðar Þorsteinsson

Óli H. Þórðarson

Sigrún Jóhannesdóttir

Varafulltrúi: Hlédís Sveinsdóttir

Frá Háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir

Íris Hauksdóttir

Brynjar Þór Þorsteinsson

Varafulltrúi: Þórir Páll Guðjónsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir

Ólafur Sigmarsson

Skúli Skúlason

Varafulltrúi: Þorvaldur T. Jónsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Vilhjálmur Egilsson

Vilmundur Jósefsson
Guðrún Eyjólfsdóttir
Varafulltrúi: Hrafnhildur Stefánsdóttir

Háskólastjórn

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Á aðalfundi skólans þann 30. maí 2012 voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í háskólastjórn:

Guðsteinn Einarsson, formaður, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga, tilnefndur af Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Varamaður: Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent og settur héraðsdómari, tilnefnd af háskólaráði Háskólans á Bifröst.

Varamaður: Ingibjörg Ingvadóttir, lektor og lögmaður.

Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Borgarbyggð.

Varamaður: Sigríður G. Bjarnadóttir, bókarí.

Leifur Runólfsson, lögmaður, tilnefndur af Hollvinasamtökum Bifrastar.

Varamaður: Guðrún Sigurjónsdóttir, bóndi.

Marteinn Jónsson, viðskiptafræðingur, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

Varamaður: Halldór Árnason, hagfræðingur.

Háskólaráð

Háskólaráð fer með æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Þar sitja rektor, aðstoðarrektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjú fulltrúar kennara, sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefnir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjú nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda frumgreinadeildar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Fyrir hvern kjörinn fulltrúa skal kjörinn varafulltrúi. Framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og fulltrúi hagsmunasamtaka íbúa eru með seturétt í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Skólaárið 2011 – 2012 sátu í háskólaráði:

Bryndís Hlöðversdóttir, rektor

Jón Ólafsson, aðstoðarrektor

Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

María Einarisdóttir, fulltrúi starfsmanna

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Snæfríður Baldvinsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Pórir Páll Guðjónsson, fulltrúi kennslu og rannsóknarráðs

Alma Jónsdóttir, fulltrúi meistaranema

Hallur Jónasson, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Brynjólfur Magnússon, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Elísabet Guðrúnardóttir, fulltrúi frumgreinanema

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og Böðvar Sigurbjörnsson formaður íbúaráðs áttu jafnframt seturétt á fundum háskólaráðs.

Skólaárið 2012 - 2013 sátu í háskólaráði:

Bryndís Hlöðversdóttir, rektor

Jón Ólafsson, aðstoðarrektor

Signý Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu- og þjónustu

María Einarsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Aagot V. Óskarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Jón Freyr Jóhannsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Lee Ann Maginnis, fulltrúi meistaranema

Hallur Jónasson, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Andri Björgvin Arnþórsson, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Ollý Björk Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda í grunnnámi

Viktor Freyr Elísson, fulltrúi frumgreinanema

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri rekstrar og fjármála og Jón Ingi Cecilsson formaður íbúaráðs áttu jafnframt seturétt á fundum háskólaráðs.

Gæðaráð

Háskólaráð kýs árlega á fyrsta fundi háskólaársins sérstakt gæðaráð. Í því sitja þrír fulltrúar nemenda, kjörnir af nemendum og þrír fulltrúar kennara, tilnefndir af kennarafundi, ásamt formanni sem tilnefndur er af rektor. Jafnframt starfar gæðastjóri með ráðinu, hann skipuleggur fundi þess í samráði við formann og ritar fundargerðir þess.

Fulltrúar í gæðaráði til september 2012:

Jón Freyr Jóhannsson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Pórir Páll Guðjónsson og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Berglind Ósk Gísladóttir, Egill Örn Magnússon og Ingi Eggert Ásbjarnarson.

Fulltrúar í gæðaráði frá september 2012:

Stefán Kalmansson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Pórir Páll Guðjónsson og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Berglind Ósk Gísladóttir, Ívar Örn Þráinsson og Ragnheiður Ásta Birgisdóttir. Gæðastjóri er Signý Óskarsdóttir.

Fagráð

Fagráð er skipað sviðsstjórum, einum fulltrúa nemenda og aðstoðarrektor. Fagráð ber ábyrgð á akademískri stefnumótun og innihaldi náms við skólann. Fagráð ber ábyrgð á því að kennarar og annað starfsfólk framfylgi reglum skólans og uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru innan hans. Fagráð tekur við erindum sem varða kennslu og rannsóknir, skipuleggur kennslu og mótar kennsluskrá og kennslufræðilegar áherslur. Fagráð varð til við skipulagsbreytingar í skólanum árið 2011 og var árið 2012 því fyrsta heila árið sem það starfaði. Vinnulag þess komst í fastari skorður á árinu, en með tilkomu þess hefur afgreiðsla allra erinda nemenda, ekki síst kvartana og klögumála, orðið skilvirkari.

Í fagráði sátu í byrjun árs 2012 Jón Ólafsson aðstoðarrektor, Auður H. Ingólfssdóttir sviðsstjóri félagsvísindasviðs, Helga Kristín Auðunsdóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs og Stefán Kalmansson sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs. Maj Britt Hjördís Briem var starfsmaður ráðsins. Ingibjörg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu sat einnig fundi þess. Sigurbjörn Einarsson tók sæti Stefáns Kalmanssonar 1. febrúar, en þá hóf hann störf sem sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs. Signý Óskarsdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu í október og sat fundi fagráðs eftir það.

Fyrri hluta árs var Valgerður Kristín Einarisdóttir (HHS) fulltrúi nemenda. Tímabil hennar rann út í september. Guðrún Lilja Magnúsdóttir (HHS) tók sæti Valgerðar en Felix Rafn Felixson (viðskiptafræði) var varamaður hennar.

Fagráð fundaði alla jafna vikulega frá janúar og til loka júní og aftur frá ágústlokum og fram í miðjan desember.

Kennslu- og rannsóknaráð

Í kennslu- og rannsóknaráði sitja allir fastráðnir akademískir starfsmenn skólans. Einnig eiga

fastir starfsmenn skólans, sem annast kennslu sem hluta starfs síns, aðild að ráðinu auk rektors og framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu. Stundakennarar á langtímasamningum við skólann hafa einnig verið boðaðir á fundi þess. Aðstoðarrektor stýrir fundum ráðsins. Í upphafi árs áttu 31 kennari sæti í ráðinu, auk framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu og rektors. 17 voru fastráðnir starfsmenn skólans í fullu starfi, 13 fastráðnir í hlutastarfi og einn stundakennari á langtímasamningi. Í lok árs áttu 35 kennarar sæti í ráðinu, 18 starfsmenn skólans í fullu starfi, níu í hlutastarfi en átta voru stundakennarar á langtímasamningum. Þar með taldir eru kennarar í leyfi, en þeir voru þrír í upphafi árs og tveir í lok þess.

Fundir kennslu- og rannsóknaráðs voru skipulagðir með eftirfarandi hætti árið 2012: Starfsmenn í fullu starfi voru boðaðir á vikulega fundi, en starfsmenn í hlutastarfi á tveggja vikna fresti. Mánaðarlega voru haldnir fullskipaðir fundir Kennslu- og rannsóknaráðs með þátttöku stundakennara á langtímasamningum.

Kennslu- og rannsóknaráð fjallar um stefnu skólans í kennslu og rannsóknnum og önnur mál sem varða akademíska starfsemi hans almennt. Ráðið tekur ekki ákvarðanir, en fagráð hefur samráð við það um öll stefnumál og mikilvægar ákvarðanir.

Vorið 2012 vann ráðið meðal annars að nýrri rannsóknastefnu og tók þátt í vinnu við stefnumótun skólans. Ráðið fjallaði ítarlega um einstakar námslínur skólans og innihald þeirra, auk þess sem í því voru kynntar hugmyndir um nýsköpun í kennslu, möguleika á nýjum námslínnum og fleira.

Haustið 2012 vann ráðið meðal annars að endurskoðun allra námslína skólans, rýndi námsleiðir og námskeiðasamsetningu og ræddi kennslufræði skólans. Samráð var haft við ráðið um endurskoðun gæðahandbókar skólans, en þeirri vinnu var vísað áfram á næsta ár, 2013.

Nemendur

Á tímabilinu 1. janúar 2012 – 31. janúar 2012 voru 1470 nemendur skráðir í kennslukerfi Háskólans á Bifröst. Í þeirri tölu eru líka þeir nemendur sem hafa tekið sér tímabundið hlé frá námi. Einnig má finna í þeirri tölu nemendur sem ekki hafa verið virkir í námi um nokkurt skeið. Þá verður að taka tillit til þess að ef nemendur breyta vali á námslínu þá teljast þeir sem hættir í einni línu og nýnemar í annarri. Haustið 2011 voru gögn flutt úr nemendabókhaldinu INNU og yfir í nemendabókhald MySchool. Það hefur komið í ljós að hreinsa þarf gögnin sem flutt voru á milli og leiðréttá hugsanlegar mistalningar þegar tölfræðileg gögn eru keyrð út úr nemendabókhaldinu. Unnið

hefur verið að þessu jafnt og þétt en þrátt fyrir það er heildarnemendafjöldi sem sagður er virkur hærri en ætla mætti.


Heildarfjöldi nemenda 2012, aldur og kyn

Flestir nemendur eru skráðir á viðskiptasvið og er kynjahlutfall nokkuð jafnt, þó eru konur í meirihluta á öllum fagsviðum en áberandi fleiri konur á félagsvísindasviði og í símenntun. Er það sama niðurstaða og árið á undan. Eðlilegt er að fjöldi kvenna sé meiri í símenntun í ljósi þess að námskeiðið Máttur kvenna er kennt á því stigi. Meðalaldur er mjög jafn á milli fagsviða og er þremur árum hærri en á síðasta ári.


Fagsvið	Nemendur	Útskrifaðir 2012	Nýnemar og aftur í nám	Meðalaldur	Karlar	Konur	KK%	KVK%
Frumgreinasvið	193	70	56	40	86	107	45%	55%
Viðskiptasvið	541	58	135	38	221	320	41%	59%
Lögfræðisvið	251	40	43	38	123	128	49%	51%
Félagsvísindasvið	242	36	57	39	88	154	36%	64%
Símenntun	209	95	157	39	48	161	23%	77%
Ýmis námskeið	34	17	34	39	11	23	32%	68%
Samtals	1470	316	482	39	577	893	39%	61%



Nemendur eftir sviðum




Meðalaldur nemenda




Kyn nemenda



Útskrifaðir nemendur eftir sviðum




Nýnemar og aftur í nám eftir sviðum




Fjöldi nemenda eftir fagsviðum, útskrifaðir og nýnemar á hverju sviði

	Nemendur	Útskrifaðir 2012	Nýnemar og aftur í nám	KK	KVK	KK%	KVK%
Frumgreinasvið							
Fjarnám	113	32	28	39	74	35%	65%
Staðnám	80	38	28	47	33	59%	41%
Samtals	193	70	56	86	107	45%	55%
Viðskiptasvið							
Grunnnám	398	38	117	158	240	40%	60%
Meistaránám	143	20	18	64	79	45%	55%
Samtals	541	58	135	222	319	41%	59%
Lögfræðisvið							
Grunnnám	136	27	29	74	62	54%	46%
Meistaránám	115	13	14	50	65	43%	57%
Samtals	251	40	43	124	127	49%	51%
Félagsvísindasvið							
Grunnnám	99	15	39	47	52	47%	53%
Meistaránám	143	21	18	41	102	29%	71%
Samtals	242	36	57	88	154	36%	64%
Símenntun							
Diplómanám í verslunarstjórnun	60	8	14	24	36	40%	60%
Máttur kvenna - staðnám	26	23	26	0	26	0%	100%
Máttur kvenna 1	34	26	30	0	34	0%	100%
Máttur kvenna 2	3	0	1	0	3	0%	100%
Sterkari stjórnarsýsla	57	25	57	19	38	33%	67%
Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu	29	13	29	4	25	14%	86%
Opið nám	4	0	4	2	2	50%	50%
Sumarskóli	1	0	1	0	1	0%	100%
Stærðfræðiundirbúningur fyrir frumgreinadeild	29	17	29	9	20	31%	69%
Samtals	243	112	191	58	185	24%	76%

Nemendur eftir námsstigum



Útskrifaðir nemendur eftir námsstigum



Nemendur eftir landshlutum



- Höfuðborgarsvæðið, 49,5%
- Vesturland, 19,2%
- Suðurland, 5,2%
- Norðurland eystra, 5,2%
- Reykjanes, 6,5%
- Norðurland vestra, 2,3%
- Vestfirðir, 2,2%
- Austurland, 1,5%
- Skiptinemar og nemendur erlendis, 8,4%

Nemendur eftir námsstigum 2012

Námsstig	Innritaðir nemendur	Nýnemar	Útskrifaðir nemendur
Frumgreinanám	193	56	70
Grunnnám	633	185	80
Meistaránám	401	50	54
Símenntun og námskeið	243	191	112
Samtals	1470	482	316

Fjöldi nemenda eftir landshlutum 2012

Langflestir nemendur skólans eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi. En samtals eru það 69% nemenda. Dreifing búsetu er frekar jöfn í aðra landshluta en fæstir nemendur búa á Vestfirðum og Austurlandi. Nemendur með búsetu erlendis eru 8% af heildarfjölda nemenda.

Landshluti	Nemendur	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	728	49,5%
Vesturland	282	19,2%
Suðurland	77	5,2%
Norðurland eystra	77	5,2%
Reykjanes	95	6,5%
Norðurland vestra	34	2,3%
Vestfirðir	32	2,2%
Austurland	22	1,5%
Skiptinemar og nemendur erlendis	123	8,4%



Kennsla og rannsóknir

Námsgráður og fagsvið

Sjö námsgráður voru í boði haustið 2012, fjórar á meistarastigi og þrjár á grunnstigi.

- Meistaragráða í menningarstjórnun (MA)
- Meistaragráða í menningarfræði í samvinnu við Háskóla Íslands (MA)
- Meistaragráða í alþjóðaviðskiptum (MS/MIB)
- Meistaragráða í lögfræði (ML)
- Bakkalárgráða í viðskiptalögfræði (BS)
- Bakkalárgráða í viðskiptafræði (BS/BBA)
- Bakkalárgráða í HHS (Heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði) (BA)

Fagsvið skólans eru lögfræði með megináherslu á viðskiptalögfræði, viðskiptafræði, heimspeki, stjórn málafræði og hagfræði. Þrjár síðastnefndu greinarnar eru kenndar innan sömu námslínu.

Þróun í kennsluháttum

Frá vori 2010 hefur Háskólinn á Bifröst fylgst með þróun kennsluáðferða í Laurea University of Applied Sciences í Finnlandi. Laurea háskóli hefur þróað kennslufræðilegt líkan sem kallað er „Learning by Developing“ (LbD). Líkanið byggir á svipaðri hugmyndafræði og verkefnadrifna námið sem fram fer á Bifröst þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í verkefnum sem hafa traustan fræðilegan grunn og tengingu við raunhæf verkefni. LbD líkanið tengir saman sjálfstæða vinnu nemenda og fræðilegar undirstöður fyrir raunveruleg verkefni sem unnin eru í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og samtök.

Haustið 2011 kom Katariina Raji í heimsókn á Bifröst og kynnti hugmyndafræðina að baki LbD líkansins og átti fundi með stjórnendum skólans. Í kjölfarið var settur saman vinnuhópur til þess að undirbúa tilraunaverkefni byggt á LbD líkaninu. Tilraunaverkefnið var unnið á sumarönn 2012 með nemendum á viðskiptasviði og var markmiðið m.a. að þjálfar nemendur í verkefnastjórnun og gera þá hæfa til að takast á við raunhæf verkefni sem kalla á samþættingu verkefnastjórnunar, markaðsfræði og mannauðsstjórnunar. Nemendur útfærðu raunhæf og raunveruleg verkefni og tengdu þau

jafnframt þeim fræðilega grunninum sem liggur að baki námskeiðanna þriggja. Auk leiðsagnar kennara var notast við jafningjafræðslu í anda P2P „peer to peer“ en þar kafa nemendur ofan í ákveðin fræði og kenningar og miðla þeim svo til samnemenda sinna.

Meðal verkefna sem nemendur unnu að var greining og þróun heimasíðu í samvinnu við Símann fyrir verkefnið „Tourist Guide for Northern Periphery“ sem er samstarfsverkefni Íslands og nokkurra eftirtalinna landa á norðurlóðum; Írlands, Grænlands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og fer Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst með stjórn þess fyrir hönd Íslands. Nemendur fengu gott tækifæri til þess að vera þátttakendur í alþjóðlegu rannsóknarverkefni ásamt því að þróa og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Nemendur unnu að gerð starfsmannahandbóka fyrir fyrirtæki í nærsamfélaginu, Loftorku og Kaffi Bifröst en þeim handbókum fylgdu líka kennslumyndbönd fyrir nýja starfsmenn. Einnig unnu nemendur markaðsverkefni með markaðsdeild Háskólans á Bifröst en verkefnið gekk út á það að nemendur tækjust á við raunverulegar aðstæður í markaðsmálum og settu þeir upp kynningu á skólanum í Kringlunni.

Þessi tilraun til þess að nota LbD og P2P í kennslu á Bifröst var lærdómsrík fyrir alla sem að henni komu

og var ákveðið að kenna námskeið sumarannar 2013 með sama hætti en þróa fyrirkomulag kennslunnar út frá ábendingum nemenda, kennara og starfsfólks eftir kennsluna á sumarönn 2012.

Samstarfið við Laurea háskóla hefur undið upp á sig og haustið 2012 var unnið að undirbúningi vegna sameiginlegs námskeiðs sem kenna á vorið 2013. Þar munu nemendur frá Finnlandi, Rúmeníu, Ungverjalandi og Póllandi auk íslensku nemendanna fá þjálfun í gerð skorkorta og viðskiptaáætlana undir leiðsögn kennara og fulltrúa þeirra fyrirtækja sem taka þátt. Nemendur allra þátttökulanda munu dvelja í tvær vikur í Finnlandi á námstímanum.

Stefnt er að því að auka samstarfið við Laurea háskóla og þróa enn frekar aðferðir til þess að þjálfva nemendur í virkri og gagnrýnni hugsun í námi sínu og veita nemendum tækifæri til þess að takast á við raunveruleg verkefni á vinnumarkaði til þess að auka hæfni þeirra og getu við útskrift.

Símenntun

Símenntun Háskólans á Bifröst býður upp á fjölbreytt námsval sem að mestu fer fram í fjarnámi með blöndu af vinnulotum á Bifröst. Námið er miðað að einstaklingum sem vilja styrkja menntunargrunn sinn og fá tækifæri til að hefja háskólanám í framtíðinni. Um helmingur nemenda er búsettur á landsbyggðinni en fjarnámsformið eflir tækifæri fólks á landsbyggðinni til náms.

Frá árinu 2003 hefur verið boðið upp á tveggja ára nám fyrir verslunarstjóra sem kallast Diplómanám í verslunarstjórnun. Námið stendur yfir í þrjár annir og er fjarnám með vinnuhelgum á Bifröst. Alls hafa 130 nemendur lokið þessu námi.

Námskeiðin Máttur kvenna I og II eru rekstrarnámskeið sem fram fara í fjarnámi með vinnuhelgum í upphafi og lok námsins. Þetta nám hefur verið í boði frá árinu 2006 og á þeim tíma

hafa um 700 konur, víðsvegar af landinu og úr ýmsum atvinnugreinum, lokið námi.

Í kjölfar hruns árið 2008 var efnt til samstarfs við Vinnuálastofnun um námskeiðahald fyrir konur í atvinnuleit og hefur skólinn haldið níu námskeið í Reykjavík og á Akranesi með samtals 190 þátttakendum. Á námskeiðunum er áhersla lögð á að byggja upp rekstrarþekkingu og efla tækifæri nemenda til atvinnusköpunar.

Haustið 2012 var í fyrsta sinn boðið upp á námsbraut fyrir ferðapjónustuaðila sem kallast Stjórnun og samvinna í ferðapjónustu. Námið stóð yfir í níu vikur í fjarnámi með vinnulotum og luku 24 nemendur námi. Á vorönn 2012 var í fyrsta sinn boðið upp á fjarnám fyrir stjórnendur í sveitarfélögum, s.s. skóla- og leikskólastjóra og forstöðumenn stofnana og sviða. Að vori luku 25 nemendur því námi og að hausti alls níu þátttakendur.

Námsleiðir í símenntun árið 2012 voru eftirtaldar:

- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I
- Máttur kvenna II
- Máttur kvenna í samstarfi við Vinnuálastofnun
- Sterkari stjórnsýsla
- Stjórnun í ferðapjónustu

Rannsóknamiðstöð

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn Háskólans á Bifröst. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen lektor. Kári hefur starfað fyrir rannsóknamiðstöðina síðan í ágúst 2011.

Rannsóknamiðstöðin vann að ýmsum umsóknum

á árinu með fræðimönnum skólans en einnig í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir. Umsóknir um IPA styrki framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins voru fyrirferðamiklar en þær voru unnar í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ungmennafélag Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands auk fleiri aðila. Einnig má nefna umsóknir í Leonardo áætlun Evrópusambandsins og IPA styrk frá Erasmus. Starfsemi úthringivers og framkvæmd netkannana hélt áfram á árinu og til að mynda voru gerðar kannanir á viðhorfi nemenda til rafbóka fyrir fagráð skólans og könnun meðal nemenda vegna innra mats fagsviða sem gæðaráð skólans vinnur að. Vísindavaka Rannís fór fram 28. september og Háskólinn á Bifröst kynnti þar meðal annars rannsóknir á sjálfbærni í sjávarútvegi, nýsköpun í ferðaþjónustu og ferðaleiðsögn auk bókaútgáfu skólans og starfsfólks hans.

Rannsóknasetur

Við Háskólann á Bifröst eru starfrækt fjögur rannsóknasetur á ólíkum sérsviðum. Þau eru *Rannsóknasetur verslunarinnar*, *Evrópufræðasetur*, *Rannsóknasetur um menningarmál* og *Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála*.

Eiríkur Bergmann Einarsson veitir *Evrópufræðasetri* forstöðu en markmið þess er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál.

Rannsóknir

Evrópufræðasetrið hefur unnið að margvíslegum og fjölbreyttum rannsóknum um Evrópumál. Auk rannsókna forstöðumanns, sem grein er gerð fyrir í rannsóknaskýrslu hans, hefur Evrópufræðasetrið tekið þátt í eftirfarandi rannsóknarverkefnum á árinu:

Distant Voices

Í þessu verkefni eru hugmyndir á jaðri Evrópu um Evrópusamrunann til rannsóknar. Það er

Vísinda og tækniháskólinn í Þrándheimi sem stýrir verkefninu en þátttakendur eru frá Grikklandi, Portúgal, Tyrklandi og Ungverjalandi auk Íslands og Noregs.

Microstates in the margins of Europe: Postcolonial Sovereignly Games

Í þessu verkefni eru áhrif núverandi og fyrrum nýlendutengsla ríkja til skoðunar og greint hvaða áhrifsú arfleifð hefur á afstöðu fólks í þessum löndum til Evrópusamstarfs. Kaupmannahafnarháskóli stýrir verkefninu en þátttakendur eru frá tugum Evrópuríkja.

Immigration Policy in Comparison (IMPIC)

Í þessu verkefni er innflytjendastefna OECD-ríkja til skoðunar. Það er Þýska Félagsvísindastofnunin í Berlín sem stýrir verkefninu. Evrópufræðasetrið tók að sér að afla upplýsinga um stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum innflytjenda og kortleggja alla lagasetningu þar að lútandi.

Ráðstefna

Í nóvemberlok 2012 stóð Evrópufræðasetrið á Bifröst ásamt lagadeild HA og viðskiptadeildum HÍ og HR að stórri alþjóðlegri heils dags ráðstefnu um alþjóðlega bankastarfsemi og innistæðutryggingar. Ráðstefnan var haldin í Hörpu með stuðningi utanríkisráðuneytisins og Seðlabanka Íslands. Mörgum helstu sérfræðingum veraldarinnar á sviði innistæðutrygginga var boðið til landsins í þeim tilgangi að kryfja málið í aðdraganda Icesave-dóms EFTA-dómstólsins. Ráðstefnan var viðamikil og fjölsótt.

Alþjóðlegt samstarf

Evrópufræðasetrið á Bifröst var íslenski þátttakandinn í Menu for Justice-samstarfsneti 50 háskólastofnana í Evrópurétti sem styrkt er af ERASMUS-áætlun Evrópusambandsins.

Opinber umræða

Fjölmíðlar leita reglulega til setursins eftir

upplýsingum og viðtölum og forstöðumaður hefur tekið þátt í fjölmörgum málstefnum um Evrópumál.

Elín Blöndal stýrir *Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála*. Það var sett á laggirnar í því skyni að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum. Það hefur unnið að fjölmörgum erlendum og innlendum rannsóknarverkefnum, s.s. verkefninu um Jafnréttiskennitöluna, verkefni Alþjóðabankans um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og jafnrétti, gerð skýrslna á vettvangi Evrópusambandsins, álitsgerðum og ráðgjöf fyrir stjórnvöld og gerð frumvarpsdraga. Vinnuréttardagur Háskólans á Bifröst er haldinn árlega á vettvangi setursins.

Í *Rannsóknasetri í menningarfræðum* er unnið að rannsóknnum í menningarmálum. Ekki hefur verið aflað sérstaks fjármagns til rekstursins. Á árinu 2008 setti setrið upp vefsetur þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lesefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun. Upplýsingar á vefsetrinu eru uppfærðar reglulega. Umsjónarmenn setursins eru Ágúst Einarsson prófessor og Njörður Sigurjónsson lektor. Rannsóknir tengdar rannsóknasetrinu koma fram í rannsóknnum þeirra en listi yfir þær eru í skrá skólans yfir rannsóknir akademískra starfsmanna.

Starfsemi *Rannsóknaseturs um stjórnun og alþjóðleg viðskipti* liggur niðri að sinni, en forstöðumaður þess er Ásta Dís Óladóttir.

Rannsóknasetur verslunarinnar er miðstöð rannsókna og tölfræðiúttekta fyrir verslun á Íslandi. Auk þess að stunda hagnýtar rannsóknir fyrir verslun birtir rannsóknasetrið mánaðarlega svokallaða smásöluvísitölu sem sýnir veltu smásöluverslunar í hverjum mánuði og gefur út tölfræðiupplýsingar sem nýtast stjórnendum verslunarfyrirtækja. Með

Rannsóknasetri verslunarinnar hefur myndast góð tenging milli atvinnulífs, stjórnvalda og rannsókna við Háskólann á Bifröst. Markmið rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun á Íslandi.

Almennt felst starfsemi Rannsóknaseturs verslunarinnar í því að fylgjast með þróun og breytingum sem varða verslun í landinu og koma á framfæri upplýsingum um það til fyrirtækja og almennings. Rannsóknasetrið gegnir lykilhlutverki sem upplýsingaveita um vísitölur og aðra tölfræði sem stjórnendur í verslun þurfa á að halda í ákvarðanatöku í daglegri stjórnun og vegna stefnumótunar til lengri tíma.

Rannsóknasetur verslunarinnar var stofnað árið 2004. Að því standa, auk Háskólans á Bifröst, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, hagsmunasamtök SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu, VR, Kaupmannasamtök Íslands og Bílgreinasambandið. Þá aflar rannsóknasetrið sértekna með rannsóknastyrkjum og tekna vegna verkefnavinnu fyrir einstök fyrirtæki, hagsmunasamtök og opinbera aðila. Auk forstöðumanns, Emils B. Karlssonar, starfar Pálmar Þorsteinsson hagfræðingur við setrið og nokkrir verktakar sem sinna sérverkefnum.

Verkefni Rannsóknaseturs verslunarinnar 2012

Rannsóknir:

- Starfsþjálfun fyrir verslanir. Verkefni sem hófst 2012 og styrkt er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið felst í að leggja fram tillögur að námi fyrir starfsþjálfara í verslunum.
- Ávinningur starfsmenntunar. Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu og miðar að því að greina ávinning þeirra einstaklinga sem hafa sótt starfsnám fyrir verslun og ferðaþjónustu og ávinning fyrirtækjanna.
- Evrópsk starfsmenntun (co-op). Heiti



verkefnisins er Conventus og styrkt af Grundtvig starfsmenntaáætlun ESB. Markmið verkefnisins er að þróa kennslu og námsefni fyrir þá sem reka og vilja stofna samvinnufélög.

- Ferðaleiðsögn – Matur og handverk. Heiti verkefnisins er Tourist Guide for Northern Periphery (TG4NP) og er styrkt af Norðurslóðaáætlun ESB (NPP). Markmið íslenska hluta verkefnisins er að koma á laggirnar ferðaleiðsögn fyrir snjallsíma fyrir þá sem vilja kaupa mat úr héraði og hönnun frá viðkomandi landssvæði.

Þróun verslunar:

- Smásöluvísitala. Birt er mánaðarlega veltuvísitala ýmissa tegunda verslunar. Vísitalan byggir á upplýsingum sem berast RSV frá allflestum verslunum í landinu mánaðarlega.

- Sérvinnsla fyrir verslanir. Auk smásöluvísítölunnar sem birt er opinberlega eru unnar upplýsingar um markaðshlutdeild þátttökuverslana sem þess óska.
- Heimsmarkaðsverð matvöru. Birt er mánaðarlega þróun heimsmarkaðsverðs á ýmsum algengum hrávörum byggðar á upplýsingum úr erlendum gagnabönkum.
- Markaðshlutdeild drykkjarvöru. Upplýsingavinnsla fyrir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöru.
- Ferðamannaverslun. Unnið var að birtingu á sundurgreindum upplýsingum um neyslu erlendra ferðamanna. Byggt er á gögnum frá greiðslukortafartækjunum þremur Valitor, Borgun og Kortþjónustunni.



Ýmis þjónustuverkefni:

- Metsölulisti bókaverslana. Birtur er listi á tveggja vikna fresti yfir mest seldu bækurnar. Listinn, sem byggir á upplýsingum frá flestum verslunum sem selja bækur hér á landi, er flokkaður eftir bókaflokkum, bandi o. fl. Listinn er birtur vikulega tvo síðustu mánuðina fyrir jól. Metsölulisti bókaverslana er unninn fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda.
- Hagtölur fyrir Bílgreinasambandið og Samtök iðnaðarins. Teknar eru saman hagtölur fyrir hagsmunasamtök fyrir bílgreinar og raftæki.
- Gagnalaug fyrir GS1. RSV vinnur með GS1 á Íslandi að innleiðingu á hagræðingu í upplýsingavinnslu milli birgja og verslana.
- Gagnavinnsla í CABAS. RSV sinnir gagnavinnslu fyrir samskiptakerfi sem rekið er af Iðunni, Bílgreinasambandinu og fleiri aðilum

sem tengjast bílgreinum.

Útgáfa:

- Árbók verslunarinnar. Gefin var út Árbók verslunarinnar með viðamiklum tölfræðiupplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Árbókin er einkum ætluð stjórnendum í verslun en er einnig notuð við kennslu og fræðistörf.
- Jólaverslun. Að venju var gefið út rit með spá um jólaverslunina og tilnefnd „Jólagjöfin í ár“ að mati sérskipaðrar dómnefndar.
- Greinar í blöð og tímarit.
- Heimasíða www.rsv.is. Síðan er reglulega uppfærð og þar er að finna mikinn gagnabanka upplýsinga um ýmislegt sem snertir verslun á Íslandi.

Alþjóðasvið

Kristín Ólafsdóttir, sem hefur verið alþjóðafulltrúi skólans undanfarin ár, var fyrstu mánuði ársins í barnseignarleyfi og leysti Magnús Smári Snorrason hana af á meðan. Hún kom úr leyfi í byrjun maí, en hætti störfum við skólann 1. desember. Við starfi hennar tók Brynjar Þór Þorsteinsson, sem fram að því hafði verið í starfi umsjónarmanns meistaranáms.

Starfsemi alþjóðadeildar var með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu NAFSA (National Association of Foreign Students Advisors) í Texas í maí og ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) á Írlandi í september. Þessar ráðstefnur eru helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og leggja drög að samningum.

Erlendir skiptinemar á vorönn voru níu talsins, en þrír stunduðu nám á sumarönn. 24 komu til náms á haustönn. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinimum frá Kóreu og Singapore hefur einnig farið fjölgandi.

Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru fjórir á vorönn en 13 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 70 erlenda samstarfsskóla. Tveir nýir samningar voru gerðir á árinu.

Fjórir kennarar við skólann fengu Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á skólaárinu 2012-2013. Þá hefur skólinn átt vaxandi samstarf við Laurea háskólann í Finnlandi um nýjungar í kennslufræði (Learning by Developing, LbD) og fóru tveir starfsmenn skólans í heimsókn til Laurea á vorönn til að kynna sér nýsköpun í kennslu. Þá voru lögð drög að samstarfssamningi við Kemi-Tornio háskóla um námskeið á sviði nýsköpunar. Bifröst er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni á vegum skólans um sameiginlega kennslu.

Umbótamiðað gæðastarf

Á fyrirhluta árs 2012 var unnið að þróun og innleiðingu verkferla og verklags í kringum umbótamiðað gæðastarf í skólanum. Leiðbeiningar vegna innra mats fagsviða og innra mats stofnunar voru skrifaðar og eru þær í samræmi við þau viðmið og kröfur sem evrópskar og íslenskar rammaáætlanir um eflingu gæða á sviði æðri menntunar setja um gæðastarf háskóla¹. Innleiðing rammaáætlunar um eflingu gæða á sviði æðri menntunar í gæðakerfi skólans var langt á veg komin haustið 2012 og heldur vinnan áfram meðfram innra mati fagsviða og stofnunarinnar.

Gæðakerfið

Gæðakerfi Háskólans á Bifröst er heildrænt kerfi verkþátta sem er ætlað að efla gæði náms og kennslu við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og er stöðugt í endurskoðun og framþróun. Tilgangur gæðakerfisins er að tryggja eftirlit með gæðum náms, kennslu og rannsókna ásamt því að styðja við umbótamiðað gæðastarf innan skólans.

Eftirfarandi lykilþætti má finna í gæðakerfi skólans

- Kerfið fylgir alþjóðlegum og íslenskum viðmiðum ásamt lögum og reglum um eftirlit með gæðum í háskólum.
- Kerfið inniheldur samræmdar leiðir til þess að efla gæði náms, kennslu og rannsókna.
- Kerfið inniheldur mælingar og skráningu á gæðum náms, kennslu og rannsókna. Notast er við eigindlegar og meginlegar aðferðir við mælingar.
- Gæðakerfið á að ýta undir virka þátttöku nemenda, kennara, starfsfólks og utanaðkomandi aðila.
- Kerfið á að vera gegnsætt og umbótamiðað.

Gæði og viðmið

Mat á gæðum náms, kennslu og rannsókna felur meðal annars í sér þættina gæði og viðmið (e. Quality and Standards).

Gæði náms tengjast því umhverfi sem nemandi starfar innan á námstímanum og hefur áhrif á námsframvindu og frammistöðu í námi. Það eru því nokkrir þættir sem byggja upp gæði í námi og þeir þættir eru skilgreindir hér. Þegar talað er um gæði náms í gæðakerfinu er átt við námsreynslu nemanda (e. Quality of Learning Experience) frá því hann sækir um nám og allt til útskriftar. Þeir þættir sem m.a. skipta máli hvað þetta varðar eru þróun námskrár, gæði kennslu, stoðþjónusta, námsumhverfi og námsmat. Auk þessa skiptir stuðningur við rannsóknir og rannsóknatenging náms miklu máli varðandi gæði náms, sérstaklega á meistarastigi.

Gæðakerfið á að standa vörð um þau viðmið (e. Standards) sem sett eru fyrir hverja námsgráðu skólans og birtist í þeim verklagsreglum og ferlum sem viðkoma skilgreiningum á námsgráðum, gildistöku, eftirliti og mati á námskeiðum og mótun reglna um námsmat ásamt þróun leiða í árangursmati og samanburði (e. benchmarking).

Innra mat fagsviða og stofnunar

Upphafsfundur innra mats fagsviða (e. Subject Level Review) og innra mats stofnunar (e. Reflective Analysis) var 5. september 2012.

Háskólaráð skipaði í sjálfsmatshópa vegna innra mats fagsviða og innra mats stofnunar. Þess var gætt að nemendur ættu fulltrúa í hópunum þremur. Í hópunum eru 18 einstaklingar og þar af fimm nemendur og tveir erlendir sérfræðingar. Gæðastjóri og formaður gæðaráðs fylgjast með framvindu innra mats með reglulegum stöðufundum.

Námslínur til skoðunar á viðskiptasviði voru: BS í viðskiptafræði og BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti. Báðar línurnar eru í fjarnámi. Námslínur til skoðunar á félagsvísindasviði voru: BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði) og MA í menningarstjórnun.

Kannanir í tengslum við allt innra mat haustið 2012

- Könnun meðal útskrifaðra nemenda
- Könnun meðal núverandi nemenda
- Nám og kennsla
- Þjónusta
- Aðbúnaður o.fl.

Einnig var gögnum safnað með umræðufundum með nemendum viðkomandi námslína. Umræðufundirnir voru í anda World Café þar sem umræður voru um fyrirfram ákveðna efnisþætti og rætt um styrkleika og veikleika námslínanna.

Vinnu við innra mat stofnunar var frestað því ytra mat stofnunar fer ekki fram fyrr en árið 2014 að beiðni gæðaráðs háskólanna. Kerfisbundin gagnaöflun er þó í gangi sem mun nýtast beint í matsvinnuna þegar hún hefst að nýju.

Gæðatíðindi

Í júní 2012 kom út fyrsta tbl. GæðaTÍÐINDA Háskólans á Bifröst og annað tbl. í október. GæðaTÍÐINDUM Háskólans á Bifröst er ætlað að veita upplýsingar um þróun gæðamála innan skólans og birta niðurstöður kennslumats. Þar birtist fróðleikur og fréttir um gæðastjórnun og kennslu innan háskóla almennt en hlutverk GæðaTÍÐINDA er einnig að miðla á léttan og skemmtilegan hátt til nemenda, kennara og starfsmanna skólans, því sem er að gerast í gæðastarfi skólans á hverjum tíma. Einn aðal tilgangur GæðaTÍÐINDA er að efla gæðamenningu innan skólans og gera gæðastarfið sýnilegra.

1] Þau viðmið sem um ræðir í gæðakerfinu eru til dæmis lög um háskóla nr. 63/2006, reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum nr. 321/2009, auglýsing um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður nr. 530/2011, Qualification Enhancement Framework for Icelandic Higher Education, 2011 (QEF), Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area, 2005 (ENQA), stefna Háskólans á Bifröst ásamt gildum og viðmiðum og reglugerð skólans.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar skólaárið 2011/2012 voru Marín Björk Jónasdóttir og Toby Sigrún Herman, Marín Björk í 70% starfi og Toby Sigrún Herman í 60% starfi. Marín Björk lét af störfum 30. september 2012, stöðugildi við árslok voru því aðeins 60 %.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá. Viðfangsefni þessara viðtala eru t.a.m. málaflokkar eins og einmanaleiki, kvíði, sorg, geðsveiflur, heimilisvandi, ofbeldi, nauðganir, húsnaðisvandi og fátækt.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval og umsóknarferlið. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

Námskeið


Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer aðallega fram í gegnum viðtöl en einnig í gegnum símaviðtöl, tölvupóst og námskeið. Árið

2011/2012 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun og námstækni og um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkviða kennd á vefnum.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2011/2012 var fyrirkomulag viðtalstíma þannig að nemendur gátu pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafar voru lausir þá stundina. Viðtalstímar voru vel nýttir og var hámarksbið eftir fyrirframbókuðu viðtali fimm dagar. Töluverður fjöldi fjarnema leitaði til ráðgjafa og fór sú ráðgjöf fram að mestu í gegnum tölvupóst og síma, en einnig í gegnum hefðbundna viðtalstíma á Bifröst. Ný aðstaða á Hverfisgötu 4-6 gerði það að verkum að hægt var að boða nemendur í viðtal í Reykjavík. Hefur sú aðstaða nýst mjög vel og sífellt fleiri nemendur koma í viðtal þangað og algengt er að væntanlegir nemendur komi þangað í viðtal.

Skipting erinda námsráðgjafar



Tölvubjónusta

Á árinu 2012 voru settir upp netþjónar, sem sjá um auðkenningu milli netkerfis Háskólans á Bifröst og Live@edu, sem nú heitir Office365. Í framhaldi af því voru öll pósthólf nemenda og starfsmanna skólans flutt yfir í skýþjónustu/cloud service Microsoft.

Samningur skólans um prentþjónustu við Pennann rann út um mánaðarmótin febrúar-mars 2013 og var því leitað eftir tilboðum hjá stærstu söluaðilum prentþjónustu með það fyrir augum að ná fram hagræðingu og auknu öryggi meðal annars með notkun auðkennilykla við útprentun. Nýtt prentkerfi var svo tekið í notkun þegar gamli samningurinn féll úr gildi.

Lokið var við uppsetningu þráðlausra senda í Hamragörðum og er nú hægt að tengjast öllum þráðlausum netum skólans í herbergjum Hamragarða. Hafinn er undirbúningur á því að setja upp þráðlausa senda á íbúðasvæði skólans.

Á árinu 2013 er stefnt að því að endurnýja vélbúnað og hugbúnað í eldvegg skólans, hefja uppsetningu þráðlausra senda í íbúðum á svæðinu og endurnýjun switcha. Um áramót mun skólinn hætta að sjá nemendum fyrir Microsoft hugbúnaði, þ.e.a.s. Microsoft Office og Microsoft Windows. Í framhaldi af því er ætlunin að reyna að koma á samningi við Microsoft um verulegan afslátt til nemenda Háskólans á Bifröst á Microsoft hugbúnaði. Gert er ráð fyrir að ljúka endurskipulagningu á prentþjónustu og setja upp nýja prentara árinu 2013.

Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru þeir sem hafa stundað nám við skólana og núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans.

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars

að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti og að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans auk þess að veita stjórnendum skólans aðhald.

Hollvinasamtökin hafa yfir að ráða heimasíðu auk þess sem á Facebook má finna virka síðu Hollvinasamtaka Bifrastar. Á Facebook síðunni eru fréttir frá Bifröst og fréttir af Bifrestingum. Þar má líka senda inn fyrirspurnir og gefa ráð. Samvinnan er með öðrum orðum allsráðandi á milli Bifrestinga inn á þessari síðu.

Hollvinasamtökin hafa ákveðið að standa að sumarhátíð á komandi sumri. Er þetta gert til að efla samkennd og tengsl á milli núverandi og útskrifaðra nemenda. Því vilja samtökin hvetja alla Bifrestinga til að taka þátt í sumarhátíðinni helgina 15-16. júní. Það er trú Hollvinasamtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur og öllum Bifrestingum, bæði þeim sem stunda nám nú við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýramætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Það þarf líka að viðhalda tengslanetinu og það er best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Leifur Runólfsson, formaður.

Í stjórn Hollvinasamtakanna sitja eftirtaldir einstaklingar:

Leifur Runólfsson, formaður
Þórir Páll Guðjónsson
Viðar Þorsteinsson
Sigrún Hermannsdóttir
Þórdís Halla Guðmundsdóttir
Regína Sigurgeirsdóttir
Brynja María Ólafsdóttir
Til vara
Halldóra Ólöf Brynjólfsdóttir
Hörður Harðarson

03619493
002994774
899988787

THE
HOLY
GRAIL
OF MACRO
ECONOMICS

LESSONS FROM
GREAT RECESIONS

RICHARD

1952

Starfsmenn

Andrea Jóhannsdóttir, háskólabókavörður, Ásta G. Rögnvaldsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 50% starfi og nemendur sem sinntu afgreiðslustörfum á kvöldin og um helgar.

Starfsemin

- Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í safninu. Núverandi húsnæði hefur reynst gott fyrir starfsemina.
- Þjónusta við fjarnema fer vaxandi.
- Haldið var áfram þróun rafrænnar geymslu, www.skemman.is, fyrir lokaverkefni, m.a. var hugbúnaður uppfærður. Til viðbótar við lokaverkefni 2012 voru einnig skráð nokkur rit kennara og Tímarit um félagsmál. Til samans eigum við 550 rit í Skemmuni. Skemman er hirsla fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi.
- Ný leitargátt var tekin í notkun á árinu hjá Landskerfi bókasafna, www.leitir.is og kemur hún til viðbótar www.gegdir.is. Í leitir.is er boðið upp á að leita samtímis í fleiri gagnasöfnum en gegdir.is, s.s. skemman.is, timarit.is og auðveldar það leit að ákveðnu efni.

Ritakostur

Áfram var haldið að byggja upp ritakostinn og markvisst keypt inn rit fyrir nýrri svið skólans, lögfræðisvið og félagsvísindasvið til viðbótar við efni fyrir viðskiptasvið.

- Ný aðföng voru 920 eintök eða 747 titlar.

Safnið kaupir aðgang að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn Hvar?is býður upp á.

- Nú er keyptur aðgangur að: Jstor collection – Business og Art & Sciences, Karnov og Ugeskrift for Retsvæsen, Morgunblaðinu, OECD-gagnasöfnunum og LovData.
- Í lok desember 2012 var búið að skrá 17.741 eintök í Gegni.

Útlán

- Heildar útlán voru 3.476.
- Í millisafnalánum voru fengin 115 rit að láni og útvegaðar 18 greinar/bókakaflar.
- Til annarra safna voru lánuð 142 rit og 7 greinar/bókakaflar.

Samstarf og nefndarstörf

Starfsmenn safnsins tóku þátt í samstarfi bókasafna á Íslandi og erlendis.

- Háskólabókavörður er varamaður í stjórnarnefnd Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.
- Háskólabókavörður var í undirbúningshópi vegna norrænnar ráðstefnu um millisafnalán, en hún var haldin í Reykjavík í október 2012. Ráðstefnan heppnaðist mjög vel, 142 bókasafns- og upplýsingafræðingar frá öllum Norðurlöndunum tóku þátt og var þátttakan framar öllum vonum.
- Háskólabókavörður situr í verkefnisstjórn Skemmunnar og tekur þátt í samstarfshópi háskólabókavarda en þeir hittust tvisvar á árinu.
- Fastir starfsmenn safnsins hafa tekið þátt í fleiri námskeiðum um notkun bókasafnskerfisins Gegnis og leitargáttarinnar Leitir.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2012. Markaðsstjóri vann kynningarefni fyrir háskólann í samstarfi við sviðsstjóra en auglýsingastofan Jónsson & Le'macks sá um hönnun kynningarefnis.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í árlegu samstarfi háskólanna sem kallast „Háskóladagurinn“ árið 2012. Bifröst var með opið hús í Norræna húsinu þennan dag og fjölmargir kynntu sér námsframboð skólans. Í kjölfarið tók skólinn þátt í sameiginlegu kynningarátaki háskólanna víðsvegar um landið.

Flestir framhaldsskólar á landinu voru heimsóttir og einnig var farið í heimsókn á nokkra vinnustaði. Margir framhaldsskólanemar komu auk þess á Bifröst til að kynna sér nám og störf í skólanum. Nemendur voru virkir á þessum kynningum og var samstarf þeirra við markaðsdeild skólans ákaflega gott.

Opinn dagur á Bifröst er árlegur viðburður og var haldinn þann 19. apríl á Bifröst og sóttu fjölmargir skólann heim.

Auglýst var í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, skjáauglýsingum, bíóhúsum og á Facebook. Mest var auglýst á tímabilinu maí – júní. Birtingarhúsið Ratsjá hélt utan um birtingaráætlun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Jónsson & Le'macks. Lögð var áhersla á að styrkja enn frekar nýja ímynd skólans í öllu markaðsstarfi.

Nemendafélag

Stjórn nemendafélagsins tók til starfa í febrúar 2012 en hana skipuðu:

Formaður: Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Varaformaður: Lilja Ósk Dýrriksdóttir

Gjaldkeri: Marta Kristmundsdóttir

Upplýsinga- og kynningarfulltrúi: Júlía Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi: Guðlaugur Hannesson, síðar Agnes Ýr Stefánsdóttir

Meðstjórnandi: Vallý Einarsdóttir

Fulltrúar nýnema: Andri Björgvin Arnþórsson, síðar Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

Fulltrúi fjarnema: Þórunna Gunnarsdóttir, síðar Thelma Kristín Kvaran





Starfsárið hófst í febrúar eftir flotta árshátíð nemendafélagsins sem haldin var í Hátíðarsal skólans. Gettu Bifröst og Pubquiz voru fastir liðir eins og venjulega og félagsvísindasvið fór með sigur afhólmi í Gettu Bifröst. Þá sá nemendafélagið um þá árlegu viðburði sem hefð hefur skapast fyrir að halda s.s. sápubolta, kubbmót, nýnemaball í Munaðarnesi, leðjubolta í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, hátíðarkvöldverði, Bifróberfest og Bifróvisjón.

Annað árið í röð var léleg þátttaka í Hroka, þríþrautakeppni Bifrestinga og því miður féll keppnin aftur niður. Annað árið í röð voru tveir vinsælir viðburðir á dagskrá, Halloween ball sem haldið var í eyðibýli í Norðurárdal og Sumarhátíð

Bifrastar sem Sjéntilmannaklúbburinn á Bifröst stóð fyrir með stuðningi nemendafélagsins.

Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var dreift til félaga/klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði dreift á vorönn og haustönn. Virk félög/klúbbar árið 2012 voru Golfklúbbur Bifrastar, fótboltafélagið og körfuboltafélagið. Mikið af nýjum félögum voru stofnuð, þar má nefna pókerklúbbur, skáklúbbur og tvö ný félög fyrir sviðin; Verus – félag félagsvísindanema og Merkúr – félag viðskiptafræðinema.

Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2012 námu 713 milljónum kr. (m.kr.). Samningsgreiðslur frá ríki námu 328,9 m.kr. en aðrar tekjur 384,5 m.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig er framlag til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem rann út á árinu 2009 en hann var framlengdur óbreyttur. Nýr samningur við ríkið var gerður í upphafi árs 2012. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 248 m.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis, rekstur kaffihúss og þjónustu við nemendagarða.

Rekstrargjöld skólans á árinu 2012 námu 678 m.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 472 m.kr. eða um 70% af rekstrargjöldum. Meðalfjöldi starfsmanna var 72 í 54 stöðugildum en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 55 m.kr., rekstur tölvukerfa 29 m.kr., skrifstofu og kennslukostnaður 22 m.kr., kynningarmál 33 m.kr. og annar kostnaður 67 m.kr. Afskriftir voru 20 m.kr. og fjármagnsgjöld 37,9 m.kr. Tap ársins var því 22,9 m.kr. en árið 2011 var tap sem nam 17,1 m.kr.

Langtímaskuldir Háskólans á Bifröst voru 313,4 m.kr. í lok árs 2011 og skammtímaskuldir 117 m.kr. Eigið fé Háskólans á Bifröst nam 71,9 m.kr. í lok

Ársreikningur 2012

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2012	2011	2010	2009
Rekstrartekjur	713,0	737,0	769,0	866,0
Rekstrargjöld	678,0	690,0	804,0	832,0
Rekstrarafgangur	35,0	46,8	35,0	34,0
Afskriftir	20,0	20,5	21,0	14,0
Fjármagnsliðir	37,9	43,5	(22,0)	16,0
Hagnaður fyrir óreglulega liði	(22,9)	(17,1)	(78,0)	4,0
Óreglulegar tekjur	0,0	0,0	(1,0)	20,0
Rekstrarniðurstaða	(22,9)	(17,1)	(79,0)	24,0
Efnahagsreikningur	2012	2011	2010	2009
Fastafjármunir	402	416	424	435
Veltufjármunir	101	100	82	107
Eignir samtals	503	516	506	542
Eigið fé	72	84	66	146
Langtímaskuldir	313	330	278	302
Skammtímaskuldir	118	102	161	94
Skuldir og eigið fé samtals	503	516	506	542



árs 2012 og lækkaði það milli ára um 12,5 m.kr. og er eiginfjárhlutfall 14,29%. Á árinu 2012 greiddi Borgarbyggð og Samvinnusjóðurinn inn nýtt stofnfé samtals að fjárhæð 10,4 m.kr. Borgarbyggð hefur auk þess skuldbundið sig til að leggja til háskólans nýtt stofnfé að fjárhæð 20 m.kr. sem greiðist með jöfnum greiðslum á árunum 2013 og 2014.

Rannsóknavirkni og útgáfa

Niðurstöður rannsóknamats ársins 2011 lágu fyrir á árinu. 13 kennarar skiluðu skýrslum til rannsóknamats og var stigaföldi samtals 395 stig eða rétt um 30 stig á hvern akademískan starfsmann með rannsóknaskyldu að meðaltali. Niðurstöður mats fyrir 2012 liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er tekin saman, en helstu birtingar akademískra starfsmanna á árinu eru eftirfarandi:

Aagot Óskarsdóttir

Drög að frumvarpi til náttúruverndarlaga, sjá <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2193>.

Auður H Ingólfsdóttir

(2012). Securitization of Climate Change in the Arctic. The Links Between Geopolitical Concerns and Local Challenges, Í ritinu *Our Ice Dependent World. Conference Proceedings from the 6th NRF Open Assembly*. Ráðstefna haldin í Hveragerði 3.-6. september 2011. Ritstj.: Bigrass, Gunnarsson and Oddsdóttir. (Sjá: http://www.nrf.is/index.php?option=com_content&view=article&id=206:our-ice-dependent-world&catid=9:publications&Itemid=118 eða Viðauki1)

(2012). *Menningarhagfræði*. Háskólinn á Bifröst.

Ásta Sveinsdóttir

(2012). The Social Construction of Human Kinds. *Hypatia*, 28. árg., 1. tbl.

Einar Svansson

(2012). Skipulag íslenskra fyrirtækja 2004-2007. (Ásamt Runólfi Smára Steinþórssyni). *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 8. árg., 2. tbl.

Eiríkur Bergmann

(2012). Svarti Pétur – Breytt hlutverk forsetans og frumvarp Stjórnlagaráðs. *Skírnir*, 186. árg., 2 tbl.

(2012). The Study of European Union Seen From Outside: European Integration Studies in Norway and Iceland 1990 – 2010. (Ásamt Kjell Eliassen og Marino Sjøvaag). Í Federiga og Elisassen, Kjell A.(ritstj.) *Analyzing European Union Politics*. Bologna: Il Mulino publishing house.

Elín Blöndal

(2012). *Labour law in Iceland*. (Ásamt Ragnheiði Morgan Sigurðardóttur). Alphen aan den Rijn: Kluwer Law International.

Emil B Karlsson

(2012). *Árbók verslunarinnar 2012*. Umsjón með útgáfunni.

Eyjólfur Kjalar Emilsson

(2012). *Plato and Plotinus on soul and action. Plato and the Divided Self*. (Ritstj. Rachel Barney, Tad Brennan og Charles Brittain) Cambridge: Cambridge University Press.

Jón Ólafsson

(2012). *Appelsínur frá Abkasíu*. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu. Reykjavík: JPV

(2011-2012). Landráðakenning Þórs Whitehead. Nokkrar athugasemdir við ritið Sovét-Ísland Óskalandið. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð. *Bifröst Journal of Social Science*, 5. árg.

Njörður Sigurjónsson

(2012). An Open Access Mandate in Iceland. *ScieCom info – Nordic-Baltic Forum for Scientific Communication*, 8. árg., 1. tbl.

Signý Óskarsdóttir

(2012). *Háskólinn sem virkt og skapandi samfélag*. Meistararitgerð við Háskólann á Bifröst.

(2012, október). Menning og hagfræði í sýndarheimum. *Tímarit skýrslutæknifélags Íslands*. 37. árg., 1. tbl.

Sigrún Lilja Einarsdóttir

(2012). *J.S. Bach in Everyday Life: The 'Choral Identity' of an Amateur 'Art Music' Bach Choir and the Concept of Choral Capital*. Doktorsritgerð við Exeter háskóla.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY